

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson, skipulagsfulltrúi  
Suðurlandsvegi 1  
850 Hella

Reykjavík, 16. ágúst 2021  
Tilvísun: 202107109 / 3.2

---

## Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna Þjóðólfshaga 1, íbúðarbyggð

---

Rangárþing ytra hefur, með erindi dags. 26. júlí 2021, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Skipulagstillagan er sett fram í greinargerð dags. 16. júní 2021 með uppdrætti í mkv. 1:50.000 dags. 16. júní 2021.

Í breytingartillögunni felst að minnka frístundabyggðina F11 um 3 ha. og stækka íbúðarbyggðina ÍB31 sem um því nemur.

Með erindinu bárust umsagnir frá Minjastofnun Íslands dags. 11. maí 2021 og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 7. maí 2021 sem gera ekki athugasemd við skipulagbreytinguna.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga.

Jóhanna Hrund Einarsdóttir  
Jóhanna Hrund Einarsdóttir

